

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 (áhættumat hafnaraðstöðu).

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

1. gr.

A-liður 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: staðfesta áhættumat útgerða fyrir íslensk skip og áhættumat hafna og gera áhættumat hafnaraðstöðu.

2. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Samgöngustofa gerir áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og staðfestir áhættumat hafnar. Samgöngustofa staðfestir verndaráætlun hafnaraðstöðu og hafnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

#### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í innviðaráðuneytinu að höfðu samráði við Samgöngustofu. Frumvarpið var jafnframt kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tveimur ákvæðum gildandi laga um siglingavernd, nr. 50/2004. Breytingunum er ætlað að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ófullnægjandi innleiðingu Evrópureglna.

#### 2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Í maí 2023 gerði ESA úttektir á hafnaraðstöðu í tveimur höfnum á Íslandi. Í kjölfarið gaf ESA út skýrslur um úttektirnar, þar sem innleiðing á efni 2. mgr. 15. gr. viðauka II og 16. mgr. 1. gr. viðauka III við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu, var talin fela í sér meiri háttar frávik. Frávikið felst í því að í 6. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004, er gert ráð fyrir að verndarfulltrúi hafnaraðstöðu geti gert áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, en samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 skal slíkt áhættumat aðeins gert af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða viðurkenndum verndaraðila. Með frumvarpinu er miðað að því að gera úrbætur á þeim hluta gildandi laga um siglingavernd sem ESA tilgreinir sem meiri háttar frávik.

#### 3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í tvær greinar, auk gildistökuákvæðis. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á a-lið 3. mgr. 4. gr. laganna en þar segir nú að Samgöngustofa beri ábyrgð á að

staðfesta áhættumat útgerða fyrir íslensk skip og áhættumat hafnaraðstöðu fyrir hafnir. Með frumvarpinu er lagt til að í stað þess segi að Samgöngustofa beri ábyrgð á að staðfesta áhættumat útgerða fyrir íslensk skip og áhættumat hafna og geri áhættumat hafnaraðstöðu. Í framangreindum skýrslum ESA vegna úttektanna árið 2023 var ekki gerð athugasemd við 4. gr. laganna en breytingin er lögð til í samræmi við breytingu sem lögð er til á 1. mgr. 6. gr. laganna.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna. Þar segir nú að útbúa skuli áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Samgöngustofu til staðfestingar. Með frumvarpinu er lagt til að í stað þess segi að Samgöngustofa geri áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og staðfesti áhættumat hafnar. Þá segi að Samgöngustofa staðfesti verndaráætlun hafnaraðstöðu og hafnar. Í skýrslum ESA var það skilgreint sem meiri háttar frávik að gert væri ráð fyrir að verndarfulltrúi hafnarsvæðis gæti gert áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, en samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 skal slíkt áhættumat aðeins gert af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða viðurkenndum verndaraðila. Með breytingunni er brugðist við þessu frávik og er hún í samræmi við framkvæmd sem þegar er viðhöfð hjá Samgöngustofu við gerð áhættumats og verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Ísland er skuldbundið til að innleiða og tryggja að farið sé að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu. Frumvarpinu er ætlað að mæta skuldbindingum íslenska ríkisins að því leyti. Gerðin er innleidd í íslenskan rétt með reglugerð um vernd skipa og hafnaraðstöðu, nr. 474/2007, með stoð í lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

#### **5. Samráð.**

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu voru unnar í samvinnu við Samgöngustofu.

Áform um lagasetningu voru birt til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 16. september 2024 (mál nr. S-179/2024). Engar umsagnir bárust.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda frá 23. september til 14. október 2024 (mál nr. S-186/2024). Engar umsagnir bárust.

#### **6. Mat á áhrifum.**

Samþykkt frumvarpsins mun fyrst og fremst hafa þau áhrif að ákvæði laga um siglingavernd verða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 725/2004 sem snúa að framkvæmd áhættumats fyrir hafnaraðstöðu í íslenskum höfnum. Gera má ráð fyrir að máli vegna fráviks hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna ófullnægjandi innleiðingar verði í framhaldinu lokað. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög. Ekki er talið að breytingarnar hafi frekari áhrif hér á landi.